

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla

Oddný Sturludóttir: Forseti, ágæta borgarstjórn. Hér er ég komin til þess að mæla fyrir tillögu borgarfulltrúa Samfylkingarinnar um samstarfs grunnskóla og framhaldsskóla, eins og segir í tillögunni:

Borgarstjórn samþykkir að vinna samvinnuáætlun menntasviðs og framhaldsskóla í Reykjavík með það að markmiði að tryggja markvissa samfellu skólastiga. Í því skyni verði horft til sameiginlegs tilraunaverkefnis grunn- og framhaldsskóla í sama hverfi um sveigjanlegri skólaskil.

Og greinargerð, sem ég biðst afsökunar á því að hafi ekki borist fyrr en á hádegi í dag, tekur þarna fyrir nokkra punkta, átta punkta, um það hvað samvinnuáætlun af þessu tagi gæti tekið til. En eins og segir hér í upphafi greinargerðar hafa breytingar á íslensku samfélagi undanfarin ár og áratugi krafist þess að mínu mati að við horfum heildrænt og heildrænna á nám barna og ungmenna allt frá fyrstu skrefum leikskólans til loka framhaldsnáms. Og með öflugra samstarfi og samtali við framhaldskólana í Reykjavík og nágrenni væri hægt að ná fram miklum umbótum í náms- og lærdómsumhverfi reykvískra barna og ungmenna, og ná því markmiði að hindra brottfall nemenda úr námi. Og af því að við erum nú hér innblásin og nýkomin úr þessari mjög svo góðu umræðu að mér fannst um flutning verkefna frá ríkinu til sveitarfélaganna og þá með tilliti til flutnings verkefna sem tengjast fötluðum borgurum og vegna þess að formaður velferðarráðs borgarfulltrúi Jórunn Ósk Frímansdóttir opnaði hressilega á það eða svona, vindar bjartsýni og framtíðarsýnar blésu um hennar lokaorð, þar sem að hún tók til að vissulega gætum við fært miklu fleiri verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna, því að við höfum trú á því vonandi hér inni í þessum sal að sveitarfélögin séu sterk og að nærpjónusta sé það sem að er heillavænlegra fyrir íbúa borgarinnar og íbúa sveitarfélaganna.

En það má kannski segja að það sé þrennt sem ráði því að ég tala fyrir þessari tillögu í borgarstjórn í dag. Nýverið hafa verið teknar upp nýjar innritunarreglur í framhaldsskólum sem breyta landslaginu í Reykjavík. Ekki lengur er hægt að stóla á það að krakkar í grunnskólum borgarinnar geti nýtt sér áfanga í framhaldsskólum sökum hagræðingaraðgerða. Og í þriðja lagi ný lög um öll skólastigin hafa verið samþykkt sem kveða á um fræðsluskyldu til 18 ára aldurs.

Þar er kveðið á um kröfur um fjölbreyttara námsframboð í framhaldsskólum og eins í þeim lögum og eins í þeim nýju innritunarreglum er kveðið á um meira samstarf grunn- og framhaldsskóla en nú er. Því þykir mér vera lag að Reykjavíkurborg taki ótvírætt forystu í þessum efnum.

Og eins og ég sagði hér í upphafi þá er ég þeirrar skoðunar og hef verið lengi þeirrar skoðunar og veit að ég er ekkert ein um þá skoðun hér í þessum sal að framhaldsskólinn eigi betur heima hjá sveitarfélögum – og ekki hafa þessar nýlegu breytingar á bæði lögum um öll skólastig og breytingar á þessum innritunarreglum dregið úr þeirri skoðun minn nema síður væri. Og við höfum hér bæði fulltrúar Samfylkingarinnar hér í borgarstjórn og fulltrúar Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokks í menntaráði talað raunar fyrir því að við hæfumst handa við það að skoða hvort að Reykjavíkurborg taki yfir í tilraunaskyni til að byrja með yfir rekstur eins framhaldsskóla. En þó að þess sé getið í helstu tillögum starfshóps sem skilaði af sér, ætli það hafi ekki verið í kringum áramótin 2006-2007 um sveigjanlegan námstíma í grunnskóla, held ég að skýrslan hafi heitið, þar er kveðið á um starfshóp sem skipa átti til að hefja viðræður við menntamálaráðuneytið um að borgin taki að sér að reka einn framhaldsskóla sem starfi í nánnum tengslum við einn eða fleiri grunnskóla, en þessi starfshópur hefur ekki verið á lífi að mér vitandi.

En ekki ætla ég að öðru leyti svo sem að gera lítið úr því að við höfum auðvita margoft rætt það á þessu kjörtímabili rætt sveigjanleg skólaskil, kannski meira sveigjanleg skólaskil leik- og grunnskóla, en í dag ætla ég ekkert að koma inn á það, heldur einvörðungu skólaskil á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Í raun hefur þessi meirihluti sett margar hugmyndir fram á borðið og tekið stefnumótandi ákvarðanir – sem frómt frá sagt hafa einfaldlega ekki náð fram að ganga og hafa alls ekki verið til þess fallnar að ná til fjöldans. Ég nefni hér tilraunaverkefni sem snéri að því að nemendur í grunnskólum gætu lokið námi í 9. og 10. bekk á einu skólaári, og hafið þar með skólavist í framhaldsskóla fyrr. Þetta einfaldlega lognaðist út af og ekki hægt að kenna kannski öðru um en því að grunnskólanemendur höfðu ekki mikinn áhuga á þessu, þeir vildu einfaldlega fylgja sínum jafnöldrum. Og ég man þegar að þessi hugmynd var rædd inni í menntaráði til að byrja með þá var mikið talað um óskir foreldra og að mæta

óskum foreldra um það að börn gætu hafið nám í framhaldsskóla fyrr, en þegar til kastanna kom þá höfðu þau sjálf ekki áhuga á því. Og eðlilega var spurt í menntaráði – hvað með óskir barnanna, en þau kannski svöruðu þessu dálítið sjálf.

Síðan hefur það auðvitað tíðkast um langt skeið að grunnskólanemendur sem sannarlega hafa margir hverjir ríka þörf fyrir það að dýpka sig og læra meira en aðalnámskrá grunnskóla segir til um – að þeir taki áfanga í framhaldsskólunum. Eins og ég sagði áðan er það fyrirkomulag núna í hættu, vegna hagræðingaraðgerða ráðuneytisins og það er sannarlega sorglegt, og um það höfum við ályktað í menntaráði og sambandið, Samband ísl. sveitarfélaga hefur í rauninni bent á að lagaleg óvissa ríki um það hvort sé einfaldlega gerlegt. Svo því sé til haga haldið, þá vorum við þvert á flokka heldur ókát með þessa ákvörðun, en þær hafa náttúrulega verið margar hverjar sorglegar ákvarðanirnar sem við höfum tekið. Það var líka sorglegt þegar að stundir til sveigjanlegs skólastarfs voru skornar niður á fjárhagsáætlun 2009 hjá menntasviði, þegar að þróunarstyrkir til faglegs skólastarfs voru afnumdir með öllu á árinu 2010 á menntasviði. Þegar að þróunarverkefnið músíkalskt þar var lagt niður með öllu.

Þetta er allt saman sorglegt og eitthvað sem við horfumst í augu við á hverjum einasta degi þegar að svo þröngt er um hnútana búið. En að öllu þessu sögðu, á öllum þessum breytingum sem blasa við okkur í dag varðandi nám barna kannski allt frá vöggu til grafar – barna, ungmenna og fullorðinna, þá má segja það að við stöndum á ákveðnum krossgötum. Og ný lög um grunn og framhaldsskóla kveða á um meira samstarf, sveigjanleika og fjölbreyttara námsframboð. Til að mynda á þriðjungur náms í 8. – 10. bekk að geyma valstundir unglínganna okkar. Hér eru gríðarleg tækifæri og nú þegar hefur menntasvið Reykjavíkurborgar og allt það öflugt starfsfólk sem við eigum þar, hafið vinnu við að kortleggja hvað við metum sem valfag, og hvað það er sem við metum ekki. En hér eigum við auðvitað að horfa miklu víðar og miklu breiðar ég tala nú ekki um þegar að möguleikarnir handan við hornið, þ.e.a.s. á framhaldsskólastiginu eru ekki jafnmikli og þeir voru. Og við eigum auðvitað að horfa á listnám og þátttöku barna í listnámi. Við eigum auðvitað að horfa á félagsstarfið og hvað þau eru að gera þar.

Nú eru uppi hugmyndir um það að meta þátttöku í skólahreysti inn í valfög hjá unglingum. Ég vil líka horfa á þátttöku í sjálfbóðaliðastarfi og allt það sem krakkar geta gert innan hverfis til þess að auka þeirra samfélagsvitund og efla félagsauðinn og allt mögulegt sem þau geta gert innan hverfis. Starf með öldruðum til dæmis. Starf með litlum börnum. Unglingalýðræði og allt það starf sem fram fer hjá ÍTR. Það má skoða hvað af því er nám, hvað af því er þannig metnaðarfullt og þannig sett upp og því sé þannig sinnt að það geti verið eitthvað sem flokkist undir valfag. Þannig að hér er allt undir og við eigum að nýta tækifærið til hins ýtrasta. Og ég segi stundum, eins hrifin og ég var af því að krakkar gætu dýpkað sig og tekið áfanga í framhaldsskóla kerfinu, þá var alltaf jafn gremjulegt að í öllum rannsóknum sem hafa verið gerðar á þeim möguleika barna til þess að dýpka sig með þessum hætti, til að mynda ný rannsókn gerð af Gerðar G. Óskarsdóttur fyrrum sviðsstjóra menntasviðs, sem er að rannsaka þessi skólaskil, hvernig grunnskólinn efstu bekkir hvernig námið þar er og tilhögun þess og hvernig fyrstu árin í framhaldsskólunum hvernig nám það er og kennslu og námstilhögun og hvað þarna fer saman og hvað ber á milli.

Þá kemur auðvitað í ljós að það var alltof lítið sem að þessir krakkar fengu svo metið inn í framhaldsskólana. Og $\frac{1}{3}$, ég vona að ég sé að fara rétt með, en mig minnir að ég hafi lesið það að $\frac{1}{3}$ af því námi í rauninni sem nemendur í grunnskólum lögðu á sig að taka í framhaldsskólunum var svo að endingu metið þegar í framhaldsskólann var komið. Þetta þótti mér alltaf dálítið sérkennilegt og vanta þarna upp á eitthvert samtal milli framhaldsskólanna og annarra um það hvernig þetta ætti að vera sem sanngjarnast. En ég hef trú á því að þeir sem að hér inni eru og hafa ástríðu og áhuga á menntamálum sæki menntaþing menntamálaráðuneytisins á föstudaginn, þar sem að Gerður G. Óskarsdóttir meðal annars ætlar að fara betur yfir þessi mál og ég hlakka til.

En það kemur sem sé í ljós að þessi tvö skólastig mega við töluverðri samræmingu. Það kemur í ljós í hennar rannsókn – Gerðar G. Óskarsdóttur. Og þannig er einn liður í tillögu minni þar sem að ég sé fyrir mér að þessi samvinnuáætlun ætti að geta tekið til að það séu tækifæri í því að fagstjórar kjarnagreina á báðum skólastigum, ég tala nú ekki um þegar að skólarnir eru í sama hverfi og vinna þétt saman, að þeir rýni námsframboðið í efstu bekkjum

grunnskólans og fyrstu árum framhaldsskólans – vegna þess að í ljós hefur komið að það er töluvert er um endurtekningu. Og þetta eigum við auðvitað að skoða.

En mig langar aðeins til að beina sjónum mínum að námsmati. Það þarf kannski ekki að orðlengja um það að við deilum sannarlega ekki skoðunum, Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn, þegar að kemur að réttmæti samræmdra prófa við lok 10. bekkjar. Þau hafa nú verið aflögð og það er einmitt ein af þessum breytingum sem að við stöndum frammi fyrir og skapa að mínu viti mikil tækifæri og leggja þessar krossgötur sem að ég minntist á hér í upphafi. En þau verða í framtíðinni lögð fyrir í byrjun 10. bekkjar, ef ekki eins og sumir hafa verið að tala um að betur færi á því að leggja þau fyrir í lok 9. bekkjar. En til þess að prófið nýtist grunnskólanemendum svo þeir geti bætt sig í námi, til þess að aðstoða þau ekki síst við það að velja framhaldsskóla við hæfi, og svona mætti lengi telja.

Varðandi námsmat þá verður eiginlega að taka utan um þá ótrúlegu grósku í íslensku skólastarfi sem viðkemur fjölbreyttu námsmati. Og það er auðvitað ótrúlega gamaldags nálgun að árangur nemenda verði mældur í einni stakri tölu. En kannski bara af tillitsemi við formann menntaráðs Kjartan Magnússon borgarfulltrúa þá ætla ég ekkert að orðlengja frekar um þá ótrúlegu ósvífni sem hann og meirihluti menntaráðs sýndi af sér þegar kennurum og skólastjórum í Reykjavík var meinað að taka sæti í starfshópi sem átti að endurskoða námsmat í reykvískum grunnskólum í kjölfar þess að fyrirkomulagi samræmdra prófa var breytt. En ekki nóg með það – heldur þóttust, en þetta þykir mér í rauninni ótrúlegt eftir því sem ég kafa betur ofan í þetta, þá þóttu stjórnámálamennirnir í meirihluta menntaráðs þess umkomnir að útfæra nýtt námsmatskerfi í reykvískum grunnskólum á örfáum vikum og mánuðum – án samráðs við fagfólk – og gáfu þar með áralangri ef ekki áratugalangri þróun í skólastarfi langt nef. En nóg um það, að þessum breyttu aðstæðum aftur.

Þá kveða nýjar innritunarreglur á um það að nemendur á síðasta vetri sínum í grunnskólanum þá velja þau fyrr. Þau velja fyrr framhaldsskóla, sem að þau kjósa helst í svokölluðu forvali. Og hér eru enn og aftur mikil tækifæri og vík ég þá að einum af punktunum í þessari ágætu samvinnuáætlun, að þarna eru mikil tækifæri til þess að tryggja öflugna náms- og starfsráðgjöf og kalla foreldra unglinganna og þá sjálfa nógu snemma að borðinu til þess að flutningur milli skólastiganna verði

sem árangursríkastur og ánægjulegastur fyrir alla. Og hér gætu einnig markvissar kynningar á námsbrautum framhaldsskólans og aukið samstarf um þessa ráðgjöf, bæði starfs- og námsráðgjöf verið geysilega gott innlegg og algjört lykilatriði til þess að þetta gangi vel.

En aðeins meira um nýju innritunarreglurnar þær kveða á um að nemendur eigi nú ríkari rétt á hverfissskólum en áður var. Það opnar á þann möguleika að grunnskólar í ákveðnum hverfum geti tengst böndum við sinn hverfisframhaldsskóla og farið saman í öflugt samstarf og enn og aftur kem ég að þessum kynningum, markvisst samstarf við foreldra og aðra þá sem koma að lærdómsumhverfi unglunga, ekki síst frístundageirann og þá með tilliti til forvarna. Og hér vil ég hugsa enn lengra og taka upp svona ýmsar hugmyndir sem hafa oft dúkkað upp á vettvangi fræðslumála í Reykjavík og það í ríkara samstarfi um tiltekna hópa nemenda, t.a.m. þá sem hafa þurft á stoðþjónustu að halda í grunnskólanum. Lengi hefur það komið mér og eflaust okkur öllum og það kemur mér spáskt fyrir sjónir að við klippum ansi snögglega á öll þessi tengsl sem hafa myndast þegar að ungmenni er orðið 16 ára gamalt, öll þau tengsl sem hafa átt sér stað og orðið til innan hverfis. Og við gætum svo auðveldlega nýtt þessi tengsl betur, því að það eina sem gerist í lífi unglings þegar að hann verður 16 ára – er að hann verður 16 ára, það gerist að öðru leyti ekki neitt.

Hann heldur áfram að vera hann sjálfur með sína sögu og sína fortíð og allt það sem hann hefur upplifað og kannski þá veggi sem að hann hefur hlaupið á og þau gráu svæði sem hann hefur kannski leiðst til að fara inn á. Þannig að ég held að við gætum auðveldlega nýtt þessi tengsl betur inni í framhaldsskólakerfinu með ríkara samstarfi. Og ég nefni hér hóp sem átt hefur erfitt uppdráttar í framhaldsskólakerfinu og það eru ungmenni af erlendum uppruna og þessa hugmynd hef ég oft heyrt á lofti í skólum sem hafa góða og mikla reynslu af því að taka á móti börnum með annað móðurmál en íslensku. Og þeir segja; okkur væri í lófa lagi að gera áætlun um það við þá framhaldsskóla sem að þessi börn og ungmenni fara í um það að það verði ríkara utanumhald utan um þau fyrsta árið jafnvel annað. Og þetta kostar engin ósköp – þetta kostar bara skapandi hugsun og ríkan samstarfsvilja. Og ég sé til dæmis fyrir mér að þessi ungmenni gætu sótt sér heimanámsaðstoð í sínum gamla grunnskóla.

Forseti, við stöndum á tímamótum og þau eru spennandi þó svo að óvissa ríki um margt og erfitt árferði það sníðir ekki bara okkur – heldur einnig ráðuneyti ansi þröngan stakk. En ég er þess þó fullviss að samvinnuáætlun milli grunnskólanna í Reykjavík og framhaldsskólanna í Reykjavík sé til bóta og ég er ekki viss um að hún þurfi að útheimta mikil fjárútlát og að það ríkir mjög ríkur skilningur á því beggja vegna á því að þetta sé þarfþing.

Og þessi tillaga er fyrir alla, fyrir alla unglunga sem hefja framhaldsnám – hún er þeim öllum til bóta. Og það er svo að nær allir unglingar velja sér einhvern framhaldsskóla eftir að 10. bekk lýkur, en 60% þeirra klára framhaldsnám. Og það er að mínu mati ekki rétt að kalla það brotthvarf - það er þjóðarmein. Og ég hef lengi verið þeirrar trúar að tækifærin í samstarfi milli skólastiganna séu þess eðlis að við höfum ekki efni á að nýta þau ekki, en þau eru mörg sem við erum ekki að nýta í dag. Það eru múrar á milli þessara stjórnsýslustiga og það eru múrar á milli stofnana sem eigum að vinna að því að lækka ef ekki bara láta þá hverfa. Og sveigjanleg skólaskil almennt snúast ekki bara um það að námshestar geti farið hraðar yfir, snýst ekki bara um það. Það snýst ekki bara um það að námshestar geti tekið valfög í framhaldsskólum eða flýtt sér í gegnum framhaldsnám með því að hefja námið fyrr. Sveigjanleg skólaskil eru miklu, miklu, miklu víðtækara mál. Þau snúa að því að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda og allra nemenda.

Ég ætla að fá að vitna hér í texta á heimasíðu, sem er getið um í greinargerð með tillögunni – í síðasta punktinum og þessi texti er á heimasíðu sem er andlit verkefnis sem ber nafnið „Borgarfjarðarbrúin“ og það er fádæma spennandi verkefni að mínu mati og markmiðið með því er, með leyfi forseta:

Að skapa samfellu milli grunn- og framhaldsskóla í Borgarbyggð, auka sveigjanleika milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmiðið er betri menntun, minna brottfall og aukið sjálfstæði og frumkvæði nemenda.

Og þetta verkefni fór af stað með það að markmiði að grunnskólar Borgarbyggðar yrðu fyrstir skóla til þess að innleiða nýja aðalnámsskrá og undirbúa nemendur undir 3ja ára stúdentspróf. Og þarna taka sem sagt grunnskólarnir á staðnum og menntaskólinn á staðnum saman höndum um innleiðingu og samstillingu á kennslufræði, aðferðafræði og aðlögun að nýjum tímum og notkun

upplýsingatækni í skólastarfi. Sú reynsla og þekking sem skapast í Borgarbyggð við þetta verkefni mun geta nýst öðrum skólum og sveitarfélögum vel við innleiðingu á nýrri aðalnámskrá grunn- og/eða framhaldsskóla. Og þetta vil ég sjá í Reykjavík.

Og það er afar athyglisvert þegar að grannt er skoðað, hvernig – því nú hefur þetta mál stytting framhaldsnáms, stytting náms til stúdentsprófs verið ansi mikið í umræðunni og sitt hefur hverjum sýnst – en hvernig fóru þau að þessu í Borgarbyggð? Það náðist fram þessi stytting framhaldsskólans líklega er þó hvert skólaár eilítið lengra en annars staðar en það náðist fram með því að fækka prófadögum og þar með upplestrarfríum og öðru því sem tengist þessum ógurlegu prófatörnum, sem gjarnan fylgja framhaldsskólanámi. Og í stað þess hefur þessi nýi og skapandi framhaldsskóli lagt af próf að einhverju leyti og tekið upp, nema hvað, fjölbreytt námsmat, leiðsagnarmat. Þarna er um að ræða sameiginleg stefnumót námsráðgjafans, kennarans og nemandans þar sem námsferill nemandans er skoðaður, markmið sett um framtíðina og svo er haldið áfram veginn.

En fyrst ég minnst hér á nýjan framhaldsskóla yfirleitt, þá blasir það algjörlega við að í Reykjavík og nágrenni skortir framhaldsskóla, þá skortir einfaldlega pláss og stóla í framhaldsskólum. Og það er talið að síðan að bankarnir hrundu hér og atvinnuástandið var hér ansi hreint svart að í kringum 1000 nemendur hafi snúið til baka í framhaldsskólana og við það auðvitað fylltust framhaldsskólarnir, sem gerði það m.a. að verkum að það var erfitt mjög erfitt fyrir nýnema síðastliðið haust að komast í þá skóla sem hugur þeirra stóð til. Og það vantar einfaldlega eitt stykki framhaldsskóla í austurborgina, þannig er það.

Og því segi ég, svo ég reyni nú að tæpa á öllum þessum átta punktum sem að ég henti hér á blað sem að samvinnuáætlun menntasviðs og framhaldsskóla í Reykjavík gætu tekið til, að við skoðum það með opnum huga hvort að borg og ríki taki höndum saman um skóla fyrir t.a.m. 13-18 ára aldurshópin? Það væri tilraun sem gæfi okkur ríkuleg tækifæri til að skapa samfellu milli skólastiga, sem aðrir skólar gætu svo lært af. Í slíku verkefni gæfust skemmtileg tækifæri til að þróa hugmyndir okkar borgarfulltrúa um rekstur framhaldsskóla. Og það kæmi sér vel því það er mín trú að áður en langt er um liðið þá mun Reykjavíkurborg taka

Bstj. 2. mars 2010

yfir rekstur framhaldsskólans. Og hér var talað um að vera í fararbroddi um þróun þjónustunnar þegar við ræddum hér flutning á verkefnum sem tengjast fötluðum frá ríki til sveitarfélaga og við eigum auðvitað að halda áfram að vera í þessum fararbroddi.

En ég legg þessa tillögu fram fyrir hönd Samfylkingarinnar og vonast til þess að hún fái góða umræðu og góðar viðtökur, og hlakka til að takast á við frekari stefnumótun á þessu sviði, á menntasviði Reykjavíkurborgar.

Forseti: Borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir hefur lokið máli sínu og lagt fram tillögu. Næstur tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla

Kjartan Magnússon: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil þakka Oddnýju Sturludóttur borgarfulltrúa fyrir að hafa lagt fram þessa tillögu og fyrir þá ræðu sem hún flutti hér áðan, sem var vægast sagt víða komið við, eins og er mjög auðvelt í umræðum um menntamál. Sú umræða, eins og við fengum að heyra, getur verið afar skapandi og margar hugmyndir komið fram þar og margar hugmyndir hafa vissulega verið til umræðu í menntaráði Reykjavíkur og menntasviði og þannig bætum við menntunina. Það er með menntunina eins og önnur svið við náum ekki fram framförum nema með frjálstri orðræðu og samkeppni hugmynda. Og margar af þeim hugmyndum sem fjallað var um hér í ræðunni áðan hefur verið komið inn á áður eins og ég sagði og ég tel einsýnt að þessar hugmyndir verði skoðaðar með opnum huga.

Og það er alveg ljóst að eitthvað þarf að gera í þessum málaflokki í samskiptum grunnskólastigsins og framhaldsskólastigsins þrátt fyrir að við Íslendingar höfum að mörgu leyti gott menntakerfi, þá fer ekki hjá því að á undanförunum misserum og kannski sérstaklega á síðasta ári, þá hefur mikil umræða átt sér stað á báðum skólastigum um það að þessi stig séu ekki að vinna vel saman og það þurfi að tryggja þarna markvissari samfellu. Ég tek algjörlega undir það með borgarfulltrúanum sem talaði hér að þetta er meira en alvarlegt ástand, þetta er nánast þjóðarmein hve brottfallið er mikið á framhaldsskólastiginu og við hljótum að leita allra leiða til þess að draga úr því, tryggja sem flestum góða menntun, en draga úr slíku brottfalli. Ég tel að það verði best gert með fjölbreyttum valkostum á framhaldsskólastiginu eins og annars staðar.

Og fjölbreytnin hefur vissulega verið að aukast. Við sjáum að minnsta kosti á grunnskólastiginu, þá hefur fjölbreytni verið að aukast að mörgu leyti og sú stefna sem hér hefur verið framfylgt að gera skóla sjálfstæða, gera þá sjálfstæðari en áður eftir því sem svigrúm hefur verið til hverju sinni. Það hefur verið að skila margvíslegum árangri og ég hygg að flestir skólamenn í Reykjavík séu sammála, að minnsta kosti langflestir af þeim sem að ég heyri í, sem telja þá þróun hafa verið til góðs, þó vissulega komi fyrir að maður finni einhvern sem mælir gegn því.

Þessi tillaga er lögð fram í sérstöku ástandi, eins og tillöguflytjandi kom inn á. Ekki bara sérstöku ástandi í Þjóðfélagin heldur líka ákveðnu ástandi sem ríkir í skólakerfinu vegna þessarar samfellu milli grunn- og framhaldsskóla. Það voru ákveðnar breytingar gerðar á brautskráningu nemenda úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla sem að sumu leyti hafa valdið uppnámi. Ég persónulega hef fengið ýmsar kvartanir frá nemendum og foreldrum. Kvartanir um það að það hafi illa verið staðið að breytingum á þessu sviði, það sé um margt óljóst og mörgum spurningum sé ósvarað. Og ég verð að segja það að mér hefur fundist að í verkefnum mínum á vegum menntaráðs, sem hafa verið mjög skemmtileg flest hver, þá hefur mér fundist einna óþægilegast í því starfi þegar að ég hef farið og heimsótt grunnskólana í Reykjavík. Ég hef heimsótt alla grunnskóla Reykjavíkur að minnsta kosti einu sinni, flesta tvisvar á þeim tíma sem ég hef verið formaður menntaráðs. Ég hef lagt mig fram um það að líta í heimsókn til krakka í 9. og 10. bekk og ræða við þá um skólahaldið og framtíðina. Hvatt þá til að koma gagnrýni sinni á framfæri við mig og reynt að heyra þeirra framtíðarsýn og það hefur verið mjög óþægilegt þegar að þessir unglingar, sem vissulega eru farnir að hugsa um framtíðina og það framhaldsnám sem að þeir ætla í, þegar að þeir hafa spurt mig um þessi skil og þessa samfellu og hvernig þetta verður allt nú saman.

Að það var dálítið skrýtið að vera formaður menntaráðs Reykjavíkur, að minnsta kosti síðasta vetur og vita í rauninni ekki hverju maður átti að svara blessuðum unglungunum þegar þau sáu að þarna var kominn maður frá menntaráði Reykjavíkur og héldu að ég gæti svarað hvernig yrði staðið að brautskráningu úr skólanum. En auðvitað sagði maður það sem að maður vissi best að það væru þarna samræmd próf um vorið sem ætti síðan ekki að miða við. Maður gat ekki sagt þeim mikið meira. En síðan gerðist það rétt áður en það átti að leggja þessi próf fyrir að þá ákvað menntamálaráðherra að fella þau niður þessi samræmdu könnunarpróf í 10. bekk grunnskóla síðasta vor. Þetta var afar óæskilegt ástand og kannski vakti þá upp spurningar um fleira í vinnubrögðum í skólakerfinu hvernig staðið er að brautskráningu nemenda og innritun þeirra í framhaldsskóla. Og þetta höfum við rætt í menntaráði Reykjavíkurborgar í vetur og höfum fengið til okkar sérfræðinga úr menntamálaráðuneytinu til að fara yfir þetta með okkur og hefur verið ágætt að sjá að þar er auðvitað reynt að takast á við þennan vanda og reynt að gera það besta úr þessu. Og við sjáum ástæðu til að þakka

menntamálaráðuneytinu fyrir þá vinnu á fundi í menntaráði, en það vakti samt auðvitað upp spurninguna um það hvort að þarna hafi verið rétt staðið að málum. Og ég er þeirrar skoðunar að þarna hafi því miður verið um klúður að ræða, sem kemur best fram í mikilli óánægju og óvissu meðal unglunga sem eru að stíga það mikilvæga skref að fara úr grunnskóla og velja sér framhaldsnám.

Út frá því má segja að það sé ef til vill nauðsynlegt að skerpa áherslurnar í okkar starfi varðandi samfelluna á milli þessara tveggja skólastiga. Og það gæti komið til greina að vinna að slíkri samvinnuáætlun, ég held að ástæðurnar fyrir því að þessi tillaga sé lögð fram, þetta geti verið ein af ástæðunum og sú ástæða er mjög gild. En það er alveg rétt það sem kemur fram síðan í greinargerðinni að það er auðvitað sjálfsagt að þrátt fyrir að við viljum auka fjölbreytni og sjálfstæði í skólakerfinu, sjálfstæði einstakra stofnana og auka fjölbreytni í skólakerfinu sem er mikil þörf á, þá er auðvitað mikilvægt að stjórnámamenn og kerfið og auðvitað helst foreldrar og nemendur líka hafi ákveðna heildarsýn. Hafi heildarsýn á það hvernig eigi að líta á námið, líta á nám barna og ungmenna frá fyrstu skrefum í leikskóla til loka framhaldsnáms, að menn hafi einhverja heildarsýn á þetta. Og ég er þeirrar skoðunar að þessu leyti að við eigum að hvetja til að það verði sem mest fjölbreytni í skólakerfinu. Að það sé hægt að fara ótal leiðir í sínu námi frá leikskóla til loka og að fólk geti hoppað á milli námsbrauta, námsstiga, hoppað á milli einkaskóla og opinberra skóla. Auðvitað viljum við að þetta vinni sem mest saman og þegar maður velur sér eina námsbraut að þá sé maður sem minnst að brenna einhverjar brýr að baki sér. Maður getur valið sér leið út úr því kerfi sem það hefur valið sér – valið sér leið út úr því aftur yfir á aðrar brautir og svo framvegis. Og auðvitað er þá mikilvægt þegar að við stöndum í slíkri vinnu að við áttum okkur á því hvernig við eigum að haga samvinnu mennta-, grunnskóla og framhaldsskóla.

Og það liggur kannski beint við að hefja þá vinnu í Reykjavík þar sem rekið er öflugasta og stærsta skólakerfi landsins. Við ættum að vera best í stakk búin til þess í Reykjavík, eins og auðvitað oft hefur áður gerst að það hefur verið byrjað á ákveðnum hlutum í Reykjavík, við höfum sett stefnuna síðan fyrir restina af landinu. Við erum kannski best í stakk búin faglega til þess að reyna nýjungar þrátt fyrir auðvitað, án þess að ég vilji draga úr því að fjölmargar nýjungar hafa

verið reyndar annars staðar, sem við eigum að geta lært af. Þetta þarf að skoða allt saman mjög vel. Mér sýnist margt í þessari tillögu fela það í sér að það verði farið í umfangsmikla vinnu og það þarf bara að skoða það hvaða tók við höfum á því, okkar starfsmenn hjá borginni og menntasviði borgarinnar, hvað við ætlum nákvæmlega að fá út úr slíkri vinnu.

Ég held að það hafi ekki skort viljann til þess hjá borgarfulltrúunum í Reykjavík á síðustu árum til þess að styrkja grunn sveigjanlegra skólaskila í skólakerfinu. Þá á ég ekki bara við skilyrðin milli grunnskóla og framhaldsskóla heldur líka á milli leikskóla og grunnskóla, svo má auðvitað ekki gleyma framhaldsskólunum og Háskólanum. Það er ekki síður umræða í skólunum og í þjóðfélaginu um skólaskilin þar. En það má ekki gleyma því í þessu sambandi og það var ágætt að tillöguflytjandinn minntist á það, að það hafa ýmsar góðar tillögur verið fluttar á vettvangi menntaráðs og borgarstjórnar til að stuðla að sveigjanlegri skólaskilum. Og ein merkileg tilraun sem var farið í, það var að auðvelda grunnskólanemendum að taka framhaldsskólaáfanga. Um þetta voru óljósar reglur.

En árið 2007 voru þær skýrðar og þetta nám var eflt með sérstöku samkomulagi milli menntaráðs og fjölbrautarskólans við Ármúla og þetta samkomulag var síðan útfært í ýmsum öðrum skólum í Reykjavík – fylgt á eftir þar sem nemendum var auðveldað að fara í framhaldsskóla, taka þar áfanga. Grunnskólinn útvegaði námsbækur, framhaldsskólinn sá um kennsluna. Það var auðvitað töluverður kostnaður sem að þessu fylgdi en ég held að þessum fjármunum hafi verið afar skynsamlega varið því að þarna var menntakerfið okkar að koma til móts við þá nemendur, til dæmis afburðarnemendur eða bara nemendur sem vildu ná lengra í ákveðnum fögum, koma til móts við þá. Það hefur vissulega verið gagnrýni á okkar kerfi árum saman að þeim hafi ekki verið sinnt nógu vel og þarna var verið að sinna þeim mjög vel. Og því miður þá lítur út fyrir það að þessi þáttur að það verði dregið úr honum eða að hann missi sín alveg þar sem að samkvæmt fjárlögum 2010 er gert ráð fyrir að þessu sé hætt. Þetta var um 75 milljónir sem þetta kostaði á landsvísu.

En það er mikill sparnaður sem á sér stað hjá ríkinu ekki síður en hjá borginni og þessu var semsagt kippt úr sambandi og ég, sem formaður menntaráðs Reykjavíkur, ég harma það að þarna skuli niðurskurðarhnífnum hafa verið beitt.

Þetta held ég að hafi verið afskaplega góður hlutur að nemendur úr grunnskólum skyldu geta hoppað yfir í framhaldsskólann í einstökum námsskeiðum og tekið þarna einingar, þreytt próf, náð einingum. Og það er ekki fyrr en í haust sem þetta á að taka gildi og ég held að við verðum að einhenda okkur í það á vettvangi borgarinnar að við mótmæltum þessu að sjálfsögðu á sínum tíma að ég vonast til þess að það sé hægt að koma málinu þannig fyrir að okkar grunnskólanemendur geti áfram tekið slíkar einingar.

En ef þeir gera það þá verða þeir að gera það einhvern veginn á eigin spýtur án skólans eða gera það á vegum grunnskólans ef að þeir ætla að fá það metið inn í sitt nám í grunnskólanum, þá verður grunnskólinn sjálfur að borga fyrir það. Og við þekkjum það sjálf sem að erum að spara sjálf, við vitum það að það er afskaplega lítið ef nokkuð svigrúm til þess í grunnskólum Reykjavíkur í dag fyrir skólastjóra til þess að kosta nemendur, grunnskólanemendur sína til náms í öðrum skólum, þrátt fyrir að þörfin sé hrópanði, hún er algjörlega hrópanði. Þá er í rauninni bara sá möguleiki eftir að nemendur fari upp á sínar eigin spýtur og taki framhaldskólaáfanga og borgi sjálfir fyrir sitt nám, fái styrk til þess frá sinni fjölskyldu, en það er þá óheimilt því miður að meta það nám að nokkru inn í grunnskólanámið. Þetta tel ég vera mjög slæmt.

Ég held að þegar að við ræðum þessa tillögu áfram að það sé ekki hægt að fjalla um sveigjanleg skólaskil nema að þetta verði eitt af aðalatriðum þess máls. Það er bara þannig og ég hef þegar orðið var við töluverða óánægju vegna þess að það er verið að fella þessa fjarnámsáfanga niður í framhaldsskólunum enda eru um nokkuð hundruð nemendur, ég held að það séu um 330 nemendur sem eru nú í því námi grunnskólanemendur í Reykjavík. Þannig að þar er því miður um mikla blóðtöku að ræða ef svo má taka til orða.

Það er alveg rétt að maður verður var við það að það eru ákveðnir ósýnilegir múrar sem eru á milli skólastiga – á milli grunnskólans og framhaldsskólans. Það þarf að leggja áherslu á það að láta þá hverfa. Og mér líst prýðilega á þá tillögu í sjálfu sér að það verði gerðar fleiri tilraunir í menntakerfinu eins og til dæmis um sérstakan skóla sem börn geti setið í 13-18 ára. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að slík tilraun verði gerð, en svo er bara annað mál hvernig okkur gengur að koma mörgum nýjum tilraunum í gang meðan að fjármál þjóðarinnar eru eins og þau

eru. Það er þó ekkert loku fyrir það skotið. Það má vel færa rök fyrir því að hægt væri að gera slíkt bara með því að færa til fé í staðinn fyrir að vera að stofna nýjan skóla eða eitthvað slíkt. Þá er ekkert útilokað að hægt sé að færa til fjármagn í okkar mörgu og stóru opinberu kerfum til þess að koma slíkri hugmynd á laggirnar.

Auðvitað verður ekki fjallað um slíka tillögu öðruvísi en að fjalla um námsmatið, eins og tillöguflytjandi gerði aðeins að umtalsefni í sinni ræðu eða vildi reyndar ekki tala mikið um að sögn vegna tillitsemi við þann sem hér stendur, sem er nokkurrar annarrar skoðunar. En ég get þó ekki látið hjá líða að leiðrétta þá fullyrðingu Oddnýjar Sturludóttur borgarfulltrúa, sem hún hafði uppi um það og að minnsta kosti gaf hún í skyn að sá sem hér stendur að hann teldi árangur í námi væri mældur í einni stakri tölu og þá erum við auðvitað komin að mjög sérstöku máli sem eru samræmdu prófin og niðurfelling þeirra. Þetta mál hefur nokkrum sinnum verið rætt í menntaráði og yfirleitt verið rætt mjög málefnalega.

En meirihluti menntaráðs hann lýsti, fyrir tæpu ári, lýsti yfir undrun sinni á þeim vinnubrögðum menntamálaráðherra að fella niður samræmd könnunarpróf í 10. bekk í grunnskólum, ekki síst vegna þess að í heilan vetur hafði þá vinnan í grunnskólanum miðast við það að samræmd könnunarpróf fyrir 10. bekk yrðu haldin í byrjun maí, en síðan voru þau felld niður. Sú ástæða var gefin að það væri í sparnaðarskyni en það var ljóst að það var víða þrýstingur að leggja þau niður. Og þeir sem vildu leggja þau niður þarna í fyrra það var meðal annars sá hópur sem kannski hefur talað gegn þessum prófum í gegnum tíðina. Og sá hópur benti á að það væri gagnslaust við ríkjandi aðstæður að láta 10. bekkina þreyta samræmd könnunarpróf þar sem framhaldsskólum væri óheimilt að taka tillit til einkunna á prófinu við inntöku nýnema næsta skólaár. Mér finnst þessi afstaða vera mjög kerfismiðuð. Og á móti var bent á að þótt dregið væri úr gildi samræmdu prófanna að því leyti að þau nýttust ekki lengur við inngöngu í framhaldsskóla, þá geta þau engu að síður gefið mjög dýrmætar upplýsingar um stöðu einstakra nemenda, bekkjardeilda, skóla og menntakerfisins í heild. Slíkar upplýsingar eru mikilvægar fyrir þá sem láta sig gæði og framþróun skólstarfs varða, nemendur, foreldra, kennara, skólastjórnendur, fræðslufirvöld og svo framvegis.

Mér finnst mjög leiðinlegt þegar að þessu er stillt upp þannig – umræðunni um þessi mál, eins og það séu bara tveir hópar í þessu. Það sé annar hópurinn, og væntanlega er ég þá í þeim hópi, telji að námið verði mælt í einni stakri tölu. Það er mikill misskilningur. Það er algjör misskilningur. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar að það verður ekki gert. Ég er algjörlega á þeirri skoðun að eitt það jákvæðasta sem hefur gerst í íslensku skólakerfi síðan að ég hætti í því, eitt það jákvæðasta hafi verið einmitt innkoma fjölbreyttra mæliaðferða í námi. Að það sé ekki bara tekið tillit til prófa og ég held að í skólakerfinu mjög víða hafi verið horfið frá ákveðinni ofuráherslu á svokölluð próf og það séu margar aðrar námsmatsaðferðir komnar inn sem ég fagna.

Það eru alls konar kannanir og framfarastuðlar sem eru mældir og vellíðunarkannanir hitt og þetta. Og ég fagna því öllu af heilum hug og tel þetta mjög mikilvæga mælikvarða í skólasterfi. En mér finnst hins vegar slæmt að sjá um leið og þessir mælikvarðar eru teknir inn að þá skuli próf vera gengisfelld í svo miklu mæli sem gert hefur verið. Mér finnst það mjög miður. Ég held að það sé röng stefna. Ég held einmitt að við ættum að hlúa að þeim þætti um leið og við tökum hina inn og ég er algjörlega sammála að árangurinn í námi verður ekki mældur í einni stakri tölu, en hann er einn af mælikvörðunum og hann má ekki hverfa. Og það verður athyglisvert að fylgjast með því hve margir skólamenn í framhaldsskólum eru á því. Þeir vilja halda prófum inni. Þeir hafa sjálfir verið að breyta margir námsmati hjá sér, en þeir benda samt á það að mæliaðferðir sem sumir kalla gamaldags að þær séu samt ennþá ríkjandi í menntakerfi heimsins.

En kannski eru Íslendingar svo frábærir að þeir þurfa ekki að fylgjast með þróun í menntakerfi heimsins heldur geti bara ákveðið þetta sjálfir. Þeir geta ákveðið sjálfir að þeir séu bestir í heimi og þurfa ekki að leggja fram nein próf eða verkefni því til sönnunar. En að öllu gamni slepptu þá er það nú þannig að menntakerfi heimsins byggist að verulegu leyti ennþá á prófatöku og verkefnaskilum sem á sér áratuga ef ekki aldahefð að baki. Og það er nokkuð bratt að ætla á stuttum tíma að hverfa frá slíkum aðferðum.

En hins vegar má segja og það er kannski svona í samræmi við það sem við höfum rætt hérna áðan, ef til vill er óþarfi að miðstýra þessu eins og gert hefur verið, ef til vill er það óþarfi í sjálfu sér að einn miðstýrður kontór hjá ríkinu sem

ákveður það og haldi sér við þá ákvörðun í áratugi að það eigi að leggja fyrir samræmd próf með ákveðnum hætti og svo sé ákveðið á sama kontór að nú eigi bara að fella þessi próf niður og að þau eigi ekki að gilda inn í framhaldsskóla lengur. Ég velti því fyrir mér hvort að það hefði ekki verið skynsamlegra að fara þá leið að hverfa smá saman frá miðstýringunni í námsmatinu eins og öðru og gefa svolítið bara lausan tauminn með þetta. Þá gætu sumir framhaldsskólar, þeir gætu felld niður þá skyldu að menn framvísi prófskírteini. Aðrir skólar gætu krafist prófskírteinis, sumir gætu farið eftir skólaeinkunum. Aðrir framhaldsskólar gætu þá tekið inn fólk eftir vellíðunarkönnunum, það gæti verið frelsi í þessu. Ég svona velti því fyrir mér hvort að þetta hefði ekki verið skynsamlegri leið að hverfa frá miðstýringunni með þessum hætti heldur en að fella niður prófin.

Og auðvitað kemur þá að því að menn líti til slíkra merkilegra tilrauna eins og er í Borgarfirði að hafa skóla sem er nánast án prófa. Og þá velti ég því líka fyrir mér, hefði kannski verið betra að óska eftir að stofnaður yrði lýðháskóli á Íslandi, lýðháskóli í þeirri mynd þar sem er eingöngu nám en engin próf og námsmatið með allt öðrum hætti heldur en við þekkjum. Ég held að það sé kannski frekar leiðin út úr þessu, en þá tek ég líka fram að þá er að sjálfsögðu frelsi líka fyrir ákveðna skóla til þess að vera algjörlega prófamiðaðir ef þeim sýnist svo. Ég held að slíkir skóla að þeir kæmu margir vel út úr því að gera slíkar kröfur og þeir yrðu líka langlífir ekki síður en hinir. Og mér fannst borgarfulltrúinn ekki fara alveg rétt með þegar hún sagði frá umræðum sem hún sagði frá – umræðum sem urðu í menntaráði út af skipun starfshóps um námsmat. Starfshóps sem við í menntaráði ákváðum að skipa í vetur – pólitískan starfshóp, ekki síst vegna þeirrar miklu óánægju sem er í borginni og víða um land með þessa brautskráningu úr grunnskólum og innritun í þessa framhaldsskóla.

Við ætlum að gera úttekt á námsmati og eigum auðvitað að hafa skoðun á því sem menntaráð. Það var leiðinlegt hvernig reynt var að gera það mál allt saman tortryggilegt. Það var ákveðið að skipa 3 pólitíska fulltrúa í þá vinnu og Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi sagði hér áðan að það hefði verið reynt að gera þetta án samráðs við fagfólk. Það var aldeilis ekki þannig. Það var ákveðið að hafa þennan hóp frekar lítinn. Stundum er sagt að litlir hópar vinni betur heldur en stærri

hópar. Það var allavega ákveðið að hafa þennan hóp pólitískan og lítinn, en það var ætlast til þess alveg frá fyrstu stundu og það kom skýrt fram á þessum fundi, að það var ætlast til þess að þessi hópur hefði sem víðtækast samráð við sem flesta aðila sem koma nálægt skólastarfi, og þá ekki bara við kennara og skólastjóra heldur við foreldra og við nemendur. Það var talað um að það væri æskilegt að hafa samráð við námsráðgjafa, við stuðningsfulltrúa, við fræðimenn í faginu og við bara venjulegt fólk úti í bæ. Og það var talað um það að þessi hópur ætti að leita fanga sem víðast. En hins vegar þá var sagt að það ætti að hafa samráð við svo marga ef það ætti að skipa fulltrúa allra stétta sem ætti að koma að þessu í hópinn, þá yrði hann óþarflega stór.

Þetta mál var síðan bara leyst. Ég veit ekki hvort að það kann að hafa valdið tortryggni. Og kannski til marks um einhverja ósýnilega múra að mér fannst umræðan um þetta mál svolítið harðna, þegar að kom í ljós að einn af þeim fulltrúum sem átti að setjast í hópinn er skólameistari úr framhaldsskóla. Okkur í meirihlutanum fannst það vel til fundið að fá skólameistara, virtan mann sem hefur reynslu af því að kenna bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Það getur verið fengur að fá slíkan mann í hópinn. En svo virtist sem að skipun framhaldsskólamanns í þennan hóp hefði vakið upp hörku og tortryggni hjá einhverjum. Og þá var reynt að gera það tortryggilegt að skólastjórar og kennarar voru ekki skipaðir í hópinn. Það var auðvitað bara leyst snarlega og vegna gagnrýnar þá var hlaupið með þetta mál í blöðin sem var auðvitað óheppilegt, og það var bara leyst snarlega.

Þá var skipaður fulltrúi skólastjóra, kennara og einnig foreldra, foreldrafélag í þennan hóp, en það látið fylgja með – að sjálfsögðu átti hópurinn að hafa víðtækt samráð við miklu fleiri og þá ekki síst nemendur og fleiri stéttir sem koma að skólastarfi. Því að eins og við vitum eru það fleiri stéttir sem koma að skólastarfi heldur en bara hinir ágætu kennarar og skólastjórar. Þannig að mér fannst slæmt að hér áðan í ræðunni skyldi vera reynt að gera það tortryggilegt að þessi þarfi pólitíski hópur sem er að fjalla um þessi mál, að það skyldi vera reynt að gera skipun í hann tortryggilega og það er algjörlega rangt að þessi hópur eigi að vinna án samráðs við fagfólk. Það kom margoft fram að hópurinn er hvattur til þess að eiga sem mest samráð við fagfólk.

En því miður þá getur það auðvitað verið þannig að í umræðunni um skólamál þá hlaupi menn í einhverjar skotgrafir að fjalla um slík mál. Og við finnum það að þessi skólaskil núna þau eru á viðkvæmum stað. Það er tortryggni sem ríkir út af þessum skólaskilum og út af niðurfellingu samræmdra prófa og hvernig eigi að standa að þessu mati. En ég vona að sú umræða hafi ekki áhrif á aðalatriði málsins, sem er auðvitað það að við þurfum á tímum sem þessum að nýta sem best þá miklu fjármuni sem fara til skólamála í landinu. Við höfum yfir þúsundum manna á að skipa, hæfra kennara og skólastjóra og annarra stétta sem koma að skólastarfi. Við erum fullvel í stakk búin til þess að vera hér í fremstu röð þjóða heims í að skapa gott skólakerfi og við eigum að sjálfsögðu að gera það. Og aukið samstarf, samráð og fjölbreytni á grunnskóla- og framhaldsskólastigi er að sjálfsögðu lykillinn að því að við náum frekari framþróun á þessu sviði.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Hér liggur fyrir, eins og borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir fór vel yfir, tillaga Samfylkingarinnar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla sem felur í sér einhvers konar hugmynd um formfestingu á framkvæmd samfelluskólastiga í Reykjavík. Þetta vekur upp góða og heildstæða umræðu um skóla mál sem oft er mikilvægt að framkvæma hér í borgarstjórn og þessi tillaga hefur það í upphafi að vera jákvæð tillaga í rétta átt. Ég verð þó að segja að það skýtur skökku við að mínu mati að lesa þessar hugmyndir Samfylkingarinnar hér í ljósi þess að þessi sami flokkur sem er við völd hinu megin við Vonarstrætið er markvisst að draga úr öllu sem heitir samfella á milli þessara tveggja skólastiga.

Hér situr meira að segja varaformaður Samfylkingarinnar sem oddviti flokksins í borgarstjórn borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson og tekur ákvörðun með félögum sínum í Vonarstrætinu, sem beinlínis draga úr samfelli á milli skólastiga. Og hvers vegna er þá verið að setja þessa tillögu fram, vonandi ekki til þess að fela þessa niðurskurðarákvörðun ríkisstjórnarinnar og þessa furðulegu ákvarðanir sem fela í sér að framhaldsskólarnir séu aftur orðnir hverfissskólar. Það fer ekki mikið fyrir þessum ákvörðunum ennþá en fljótlega munu foreldrar og börn átta sig á því að til dæmis Verslunarskóli Íslands verði orðinn hverfissskóli. Eru ekki nemendur úti á landi þeir sem mótmæla þessu eða bara nemendur í Kópavogi eða í Breiðholti. Hér erum við oft að tala um samstöðu og samstarf á höfuðborgarsvæðinu og svo kemur ríkisstjórnin og tekur einhliða ákvarðanir um að gera framhaldsskólana aftur að hverfissskólum. Þetta er stórt skref aftur á bak sem að mínu mati er lögbrot, vegna þess að í lögum stendur mjög skýrt, með leyfi forseta, í 26. gr. 4. mgr. grunnskólalaga: „Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi á meðan að þeir eru í grunnskóla, enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni“. Tilvitnun lýkur.

Hvernig er hægt að réttlæta þennan niðurskurð á valfögum í framhaldsskólum. Og hér sitjum við og ræðum um aukna samstarfsáætlun fyrir samfelli á meðan að þetta er gert hinu megin við Vonarstræti. Er borgarstjórn ekki hér sammála um að mótmæla þessu einróma að börnin í borginni geti ekki tekið áfanga í

framhaldsskólanum lengur. Ég hefði haldið það, að skólarnir séu orðnir hverfissskólar hefur líka bein áhrif á þetta. Geta unglingar í Ingunnarskóla eða Vesturbæjarskóla þá ekki tekið áfanga í hvaða skóla sem er vegna hverfisskiptingarinnar. Og þessi stóru skref aftur á bak spara ríkinu 70 milljónir, sem um leið koma niður á sveitarfélögunum sem þurfa að kenna sömu kúrsa til að bjóða þetta lögbundna val. Kostnaðurinn er einungis færður úr einum vasa í annan, en samt kemur fjármagnið frá sömu skattgreiðendunum. Að mínu mati er þetta bara eitthvað grín og ber keim af því að það sé verið að gera allt þægilegra fyrir embættismenn kerfisins sem eru að koma öllum börnum inn í framhaldsskóla landsins.

Og þá kemur spurningin upp sem ég veit að Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi og Kjartan Magnússon borgarfulltrúi hafa rætt, hvort við þurfum fleiri framhaldsskóla. Og hvernig á þessi áætlun okkar sem við ætlum að vísa hérna til menntaráðs að ganga upp ef ríkið fylgir ekki einu sinni lögum. Og ég býst við því að menntaráð muni fljótlega þurfa að taka afstöðu til fjölgunar valáfanga í grunnskólakerfinu, mjög fljótlega, vegna þess að ríkið ætlar ekki að uppfylla skyldur sínar. Ný löggjöf um öll skólastigin og heildar samfella liggur fyrir hjá löggjafanum sem rammalöggjöf eftir mikla vinnu með skólasamfélaginu og Sambandi sveitarfélaga. Rammalöggjöfin gerir ráð fyrir því og grundvallast á því að sjálfstæði einstakra skóla sé orðið mikið og fagmennska inni í hverjum skóla líka. Við höfum fyllt skólana af mjög hæfu og vel menntuðu fólki sem þurfti aðeins að fá ramma sem meðal annars gerði ráð fyrir miklu meiri samfellu milli skólastiga.

Semsagt, er löggjöfin að tryggja að skólarnir geti sjálfir unnið að stefnum um samfellu á milli skólastiganna. En ég ætla ekki að efast um tilgang tillögunnar og eflaust ágætt að skoða þetta betur. Og hér liggur þá fyrir þessi tillaga um aðkomu menntaráðs og að mínu mati aðeins samt dálítið þreytandi – ein áætlunin í viðbót. Ein áætlunin í viðbót sem við höfum ekki afl í að fylgja nógu vel eftir. Ég vil bara vara við því að við séum að búa til eina áætlunina í viðbót sem við fylgjum svo ekki eftir í skólakerfinu. Við þurfum að endurskoða þessa endalaus áætlanagerð sem er algjörlega í ósamræmi við þverpólítískar yfirlýsingar allra flokka um að skólar séu sjálfstæðar stofnanir. Ég styð að sjálfsögðu þessa tillögu um að þetta

fari til menntaráðs til skýrari afgreiðslu. Geri þó þá kröfu að þessi svokallaða áætlun skoði samfellu í báðar áttir, a.m.k. til umræðu til að byrja með, ef að á annað borð á að tala um samfellu á milli skólastiga.

Brottfall er stórt vandamál, sem kemur að vísu ekki fram í tillögunni, en ef að á að ræða það þá er það mjög mikilvægt mál sem ég vil að sé skoðað sérstaklega. En minni á að við erum með alls kyns verkefni sem eru í gangi, sértæk þó, sem falla undir þetta, eins og rannsóknir á samfellu skólastiga fyrir þá sem þurfa sérkennslu, innleiðing kynningar á iðn- og starfsnámi sem er talað um sérstaklega, sem er talað um sérstaklega varðandi brottfall og fleira slíkt. Þetta getur því orðið risavaxið verkefni og ég vona að menntaráð ræði betur hvað raunverulega á að gera til að ýta skólunum í nánari samfellu skólastiga. Passa þó að þetta dragi ekki úr eða hindri tilburði skólanna til að vinna í þessu sjálfir. Til dæmis eru nokkrir grunnskólar borgarinnar strax farnir í kjölfar aflagningar samræmdra prófa að bera saman einkunnir sín á milli til að geta verið með samræmt mat við framhaldsskólana um gæðaumhverfi og matskerfi skólanna. Skólastjórnir laga sig nefnilega hratt að nýju umhverfi og það má alls ekki verða að menntaráð og borgarstjórn hindri þeirra för.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla

Marta Guðjónsdóttir: Virðulegi forseti, góðir borgarfulltrúar. Það skýtur dálítið skökku við að Samfylkingin skuli koma fram með þá tillögu sem hér liggur fyrir þessum fundi. Tillögu sem snýr að samfellu skólastiga, því menntaráð Reykjavíkur hefur frá því snemma á þessu kjörtímabili unnið ötullega að þessum málum, bæði hvað varðar sveigjanleg skil á milli leik- og grunnskóla og svo sveigjanleg skil á milli grunn- og framhaldsskóla. Hvað varðar skilin á milli grunn- og framhaldsskólans þá gerði menntasvið Reykjavíkur og Fjölbrautarskólinn við Ármúla með sér samstarfssamning haustið 2007, en þá var formaður menntaráðs Júlíus Vífill Ingvarsson, en þessi samningur hann fól meðal annars í sér að nemendur í efstu bekkjum í grunnskólum Reykjavíkur hafa átt frá þeim tíma þess kost að stunda framhaldsskólanám í fjarnámi við Fjölbrautarskólann í Ármúla án greiðslu skólagjalda og annarra gjalda sem almennt fylgja fjarnámi í skólanum.

Markmið samningsins var að auka sveigjanlega skólaskil milli grunnskóla og framhaldsskóla ásamt því að auka val og fjölbreytni í námsframboði fyrir grunnskólanemendur. Þeir grunnskólanemendur sem stundað hafa fjarnám af þessum toga hafa notið aðstoðar kennara grunnskólans, sem heldur utan um nám nemenda og ástundun. Framlag kennarans er á ábyrgð grunnskólans sem jafnframt ber kostnað af utanumhaldinu.

Vegna niðurskurðar ríkisstjórnarinnar stendur grunnskólanemendum þetta nám ekki lengur til boða þrátt fyrir að skýrt sé kveðið á um það í 26. gr. grunnskólalaganna en þar segir; að grunnskólanemar eigi rétt á að stunda nám í einstökum greinum á framhaldsskólastigi meðfram námi sínu í grunnskóla. Ákvörðun menntamálaráðherra brýtur því augljóslega í bága við lög. menntaráð Reykjavíkur hefur mótmælt þessum niðurskurði og bókaði á fundi sínum í haust; að mikilvægt væri að nemendum stæði þetta nám áfram til boða og fjármagn til þess verði tryggt. Þrátt fyrir að menntamálaráðherra hefur verið bent á þessa staðreynd hefur verið ákveðið að skera námið niður. Afleiðingarnar verða þær að möguleikar grunnskólanema til frekara náms munu skerðast og aftur mun myndast gjá á milli skólastiganna.

Bstj. 2. mars 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Hermann Valsson.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla

Hermann Valsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Alltaf jafn gaman að ræða menntamál, menn rjúka hér í ræðustól þegar að menntamál koma á dagskrána og það er gott. En framkomin tillaga Samfylkingarinnar er ágætlega hugleikin í þessu og hvað varðar samstarf menntastofnana þá er það allt af hinu góða, það er sama um hvaða skólastig er að ræða. Ég hef nú tekið þátt í óbeinum undirbúningi í sambandi við samstarf leikskólanna. En ég get alveg tekið undir að þessar framkomnu hugmyndir Samfylkingarinnar um samvinnuáætlun milli þessara skólastiga.

Í greinargerðinni komu fram nokkur verkefni og reyndar er það nú svo að hluti af því sem þar er lagt til er þegar hafið. Þannig hefur ráðuneyti mennta- og menningarmála skipað samráðshóp vegna undirbúnings breytinga á innritun í framhaldsskólanum og eigum við þar fulltrúa Reykvíkingar. Kynningar um skólaskil eru til staðar fyrir nemendur og foreldrar geta nálgast upplýsingar á heimasíðum skólanna. Það sem er hins vegar nýtt hér er að hér er gert ráð fyrir að foreldrar séu með á kynningunni og ég tel það ákaflega af hinu góða, því að í flestum tilfellum eru nýnemar í framhaldsskólum ekki orðnir lögráða. Og sjálfum hefði mér nú þótt gott að fá kynningu á sínum tíma og sérstaklega þá í annan skólann þar sem ég hafði ekki hugmynd um út á hvað sá skóli gekk sem að eldra barnið mitt fór í.

Annað er samræming námsskrár, þar er líklega verkefni sem að er og verður alltaf í vinnslu, ég held að við gerum okkur alveg fulla grein fyrir því sem að höfum komið nálægt menntamálaum einhvern tímann. Undanfarið hefur verið gert ráð fyrir því að stytta menntaskólann og bæta námsefni við grunnskólann. Það er ekkert þar með sagt að það sé uppi á borðinu ennþá, maður veit það í raun og veru ekki neitt. En það er tímabært að hefja markvisst samtal um þetta mál. Það er ég alveg sannfærður um sem kennari hér í bæ.

Námsmat hefur komið hér fram og það er gaman að ræða það. Sérstaklega ást formanns menntasviðs hæstvirts borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar á prófum. Það er alveg með eindæmum hvað borgarfulltrúinn hefur gaman að prófum. Við getum svo sem leikið okkur með nafnið próf, könnun, hver er munurinn? Ég veit

Það ekki – enginn. Könnunin er til að kanna stöðu nemanda hverju sinni, er það ekki einhvers konar próf? Námsmat er eitthvað sem er lifandi tæki og við þurfum að hafa með okkur á hverjum tíma hvað við metum. Borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir kom hér inn á ýmis störf utan skóla jafnvel sem að hún taldi að ætti að meta. Ég tek fyllilega undir þetta með borgarfulltrúa Oddný Sturludóttur. Hef nú sjálfur reynt að gera það sem íþróttakennari að fylgjast vel með nemendum mínum hvað þeir eru að gera utan skóla og hvetja og taka þátt í því starfi sem þeir eru að gera, því að við vitum öll að hreyfing er holl og góð.

Framhaldsskólarnir sumir eru að meta svona störf, skýtur samt mjög skökku við að í sumum framhaldsskólunum fær afreksíþróttafólk að sleppa við íþróttir, það er þá bara metið – það er bara upp á skrifað frá þjálfara. En krakkar sem að annars taka þátt í mikilli vinnu við félagsstörf jafnvel í skólanum sjálfum, setja upp heilu söngleikina, fá ekki neitt nema fjarvistirnar fyrir vinnuna sem að þau vinna fyrir skólann. Það eru þökkaleg laun, það er gott námsmat. Og við megum ekki gleyma því hversu mikilvægt þetta starf er. Niðurskurðurinn á námi unglínganna í menntaskólanum þar sem að þau hafa fengið að koma inn og taka áfanga er náttúrulega sorglegur. Það er ekkert annað hægt að segja um það. Maður er ekki hrifinn af þessari aðgerð. Við skulum ekki gleyma því heldur að við erum búin að skera aldeilis niður sjálf, því miður er þetta ástandið sem við búum við.

Í greinargerðinni er talað um ákveðna tilraun sem er skóli fyrir 13-18 ára. Ég er persónulega dálítið skotinn í þeirri hugmynd og tel vel þess virði að skoða hvaða möguleika hún býður upp á. Það er þannig einhvern veginn í skólastarfi að maður má ekki gleyma því að prófa nýja hluti, velta fyrir sér nýjum hugmyndum og sjá hvað þær hafa upp á að bjóða. Þessi hugmynd er svolítið snúin með tilliti til fjárhagsramma hvernig við snúum okkur út úr því úrlausnarefni. Hvernig menn ætla að tengja saman þennan aldur sem annars vegar tilheyrir borg og hins vegar ríki. En þetta er bara úrlausnarefni og ég held að við höfum algjörlega þekkingu og kraft til að klára svona hluti. En þetta er svona dæmi um hugmynd sem að fæðist og er vel þess virði að skoða.

En hvað sem því líður þá þakka ég skemmtilegar ræður hér á undan sem að ég fylgdist með af mikilli athygli. Þá finnst mér þessi framkomna hugmynd

Bstj. 2. mars 2010

Samfylkingarinnar góð og tek heilshugar undir að hún verði sett í framkvæmd innan menntasviðs.

Forseti: Borgarfulltrúi Hermann Valsson hefur lokið máli sínu og þá tekur til máls borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla

Júlíus Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Ég ætla aðeins svona að blanda mér í þessa umræðu vegna þess að einmitt þessi mál, það er að segja sveigjanleg skólaskil voru mikið til umfjöllunar á þeim tíma sem ég var formaður menntaráðs. Og strax 21. ágúst sé ég hérna á þeirri skýrslu, sem ég tók með mér hérna upp í ræðustól, 2006 að þá leggur menntaráð fram tillögu þess efnis að myndaður verði hópur sem að gerir tillögur að sveigjanlegum skólaskilum, bæði á milli leikskóla og grunnskóla og á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Þetta var skipað öndvegis fólki, fagmönnum og kennurum, fulltrúum Samfoks, Kennaraháskólanum, Fjölbautarskólanum Breiðholti og fleirum sem að skiluðu prýðilegri skýrslu sem var svona grunnur að þeirri vinnu sem að síðan hélt áfram inn í menntaráði og síðan út í skólana í þá veru að auka sveigjanleg skólaskil og yfirleitt sveigjanleika í námi nemenda.

Og ég held nú að allir geti fallist á það að einmitt einstaklingsmiðað nám er miðað við sveigjanleika, sveigjanleika í námi af öllu tagi, þannig að nám hæfi hverjum og einum nemanda í grunnskólanum. Helstu verkefni hópsins sem að hóf störf sín þarna í ágúst 2006 var að setja fram hugmyndir og skýra möguleika á að börn byrja á misjöfnum aldri í grunnskóla og framhaldsskóla eftir því sem þroski þeirra segir til um. Og að setja fram tillögur um sveigjanleg skil á milli grunnskóla og framhaldsskóla þ.m.t. að skoða hvaða leiðir eru farnar núna varðandi kostnað, innritun og fleira.

Ég hvet þá borgarfulltrúa sem hafa áhuga á málinu að verða sér út um þessa ágætu skýrslu sem síðan kom út í janúar 2007 og þar á meðal þeirra hugmynda sem þar voru settar fram var einmitt það að Reykjavíkurborg tæki yfir rekstur eins framhaldsskóla hér í Reykjavík, og það varð síðan þá í framhaldi af þessu 19. mars 2007 sem að síðan var lögð fram tillaga í menntaráði sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

Menntaráð telur að hefja beri tilraunaverkefnarekstur Reykjavíkurborgar á einum framhaldsskóla í borginni. Menntaráð leggur því til við borgarráð að hafnar verði þegar viðræður við menntamálaráðuneytið um þetta verkefni og að skipaður verði starfshópur með fulltrúum menntasviðs og menntaráðs í því skyni.

Þannig að hérna kom þessi hugmynd þegar fram. Hún hefur náttúrulega eins og allir vita ekki náð fram að ganga, enda þótt fundað hafi verið með ráðuneytinu til þess að fara yfir þá kosti og náttúrulega líka þau úrlausnarefni sem biðu manna við slíka yfirtöku. Og kannski óhætt að segja að áhugi ríkisvaldsins hafi ekki verið neitt yfirþyrmandi á því að Reykjavíkurborg tæki yfir framhaldsskóla sem að auðvitað er í sjálfu sér flókið verkefni. En við þekkjum það hvernig grunnskólinn gjörbreyttist við að færast frá ríkisvaldinu og yfir til sveitarfélaganna. Hversu skólinn hefur batnað mikið við þá aðgerð og við sáum fyrir okkur að við gætum jafnframt bætt framhaldsskólana og komið mörgum af þeim ágætu málum sem að við erum að nýta okkur í starfi grunnskólana inn í framhaldsskólana og þannig auka og bæta framhaldsskólastigið. Og ekki síst með tilliti til þess að gera skólaskilin á milli framhaldsskóla og grunnskóla sveigjanlegri og þægilegri, auðveldari og sjálfsagðari, heldur en er núna og þar með vonandi koma í veg fyrir svo mikið brottfall sem að við erum að horfa upp á og er auðvitað gríðarlega alvarlegt og mikið vandamál, og stórt mál fyrir okkur að takast á við.

En það er á haustönn 2009 er það nú svo að það stunda 330 grunnskólanemendur nám á framhaldsskólastigi. Þannig að það er talsverður hópur nemenda sem eru að taka þátt í þessu verkefni og miðað við árið 2008 þá voru 390 grunnskólanemendur í námi á framhaldsskólastigi á haustönn og 461 á vorönn, og yfirleitt hafa nemendur verið almennt færri á haustönn í gegnum tíðina. Ef við horfum aftur til baka og skoðum liðin ár að þá held ég að ég verði bara að biðja þá sem að nú eru að fjalla um menntamálin aðeins að fletta upp á sínum skýrslum því að mig svona minnir það að minnsta kosti að nemendur hafi verið fleiri sem að stunduðu nám á framhaldsskólastigi heldur en nú er og það er þá athugunarefni.

Ýmis önnur verkefni fóru af stað þegar að við vorum að vinna að þessum sveigjanlegu skólaskilum inn í menntaráði. Og borgarfulltrúinn Marta Guðjónsdóttir fjallaði hér um eitt þeirra, sem að var það að Ármúlaskóli bauð nemendum í reykvískum grunnskólum að taka framhaldsskólaáfanga inn í skólanum sér að kostnaðarlausu. Það var mjög gott tilboð og margir nemendur hafa nýtt sér það, en eins og ýmislegt annað er ekki útlit fyrir að það verkefni haldi áfram. Það fór af stað heilmikil vinna og undirbúningur með skólastjórum nokkurra grunnskóla hér í borg, þar sem að nokkur fjölbreytni er á unglingastigi

grunnskólanna, þ.e.a.s. frekar fjölmennum skólum að heimila nemendum að taka grunnskólann á ný árum. Og það má kannski segja það að ekki jafnmikill árangur hafi náðst í því verkefni eins og vonir stóðu til um og eflaust má því kenna um að reynt var að stytta grunnskólann um eitt ár með því að stytta unglíngastigið í stað þess að taka þá styttingu og samþjöppun námsins sem er eðlileg og sjálfsgöð fyrir þá nemendur sem við það ráða og hafa þá styttingu breiðari og samþéttinguna að hún nái til fleiri ára heldur en bara þessara þriggja ára framhaldsskólastigsins.

Engu að síður fór þetta verkefni af stað í Árbæjarskóla og tilraun var gerð til að halda af stað með slíkt verkefni í Rimaskóla. Hagaskóli og Réttarholtsskóli voru jafnframt á hliðarlínunni að fylgjast með og vildu þá taka þátt í þessu verkefni ef það tækist. En fyrst og fremst eru það skólastjórnendur sem geta ráðið því hvort að svona verkefni takist eða ekki, og þá að skapa þann anda í kringum það sem þarf til þess að nemendum þyki þetta áhugavert og taki þátt í þessu og séu nægilega margir til þess að geti skapast ákveðinn skólaandi og samkeppni og samstarf og félagsleg heild fyrir þá nemendur sem taka þátt í þessu til þess að það geti haldið áfram.

Þannig að mér finnst rétt að farið sé yfir þetta verkefni og að það sé unnið frekar og reynt sé að finna þeim nemendum leið sem að eiga auðvelt með að fara í gegnum grunnskólann, vegna þess að þeim er síst af öllu gerður greiði með því að vera að drolla í gegnum námið og koma síðan upp í framhaldsskóla þar sem oft eru skörp skil og eiga þá í erfiðleikum með það að fara að einbeita sér að námi, einfaldlega vegna þess að það hefur aldrei verið nein þörf á því í gegnum alla þeirra skólagöngu.

Að öðru leyti er auðvitað eitt af því sem stefnt var að og hefur verið stefnt að í grunnskólum borgarinnar það er að auka sérstöðu grunnskóla í Reykjavík og það veldur mér nokkrum áhyggjum þegar verið er núna að taka upp nýjar innritunarreglur fyrir framhaldsskóla þar sem að framhaldsskólarnir eiga að verða hálfpartinn eins og hverfis-skóla, það er það að þetta getur haft veruleg áhrif á þá sérstöðu sem að þessi skólar, allir framhaldsskólar í Reykjavík hafa skapað sér í gegnum tíðina og sem hefur valdið því að nemendur hafa farið á milli hverfa einmitt til þess að leita eftir þessari sérstöðu. Það er að segja leita að skólum sem hæfir þeim sem hafa áhuga á hvort heldur það eru fjölbrautarskólar eða

hefðbundnir menntaskólar eða Verslunarskóli og svo framvegis. En einmitt það að gera þessa skóla að hverfiskólum dregur úr þessari sérstöðu, sem að mér finnst mjög mikilvæg, og er neikvætt og hættulegt spil af hálfu menntamálaráðuneytisins. Að öðru leyti vil ég segja það að þessi tillaga sem hér liggur fyrir frá Samfylkingunni hún er svona í þessum anda sem að unnið hefur verið eftir inni í menntaráði og þess vegna kannski ekki nauðsynleg að öðru leyti en því að hún er bersýnilega einhvers konar yfirklor yfir þá stefnu sem að nú er í menntamálaráðuneytinu um að gera menntaskóla að framhaldsskóla og kannski yfirklor vegna þess að nú er verið að grípa til þeirra aðgerða sem koma í veg fyrir það, en styðja það ekki að nemendur geti stundað framhaldsskólaáfanga, þegar að þeir eru enn á grunnskólastigi og það er hættulegt.

Forseti: Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls öðru sinni Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla

Kjartan Magnússon: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég kem hingað upp af því að mér láðist að leggja það til áðan að umræddri tillögu yrði vísað til menntaráðs.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla

Oddný Sturludóttir: Forseti, ágæta borgarstjórn. Mig langar að þakka fyrir þessa ágætu umræðu sem hefur átt sér stað hér í sal borgarstjórnar um þessa tillögu um samvinnuáætlun milli grunnskóla og framhaldsskóla. Heldur þykir mér þó meirihlutinn vera gramur í allri sinni nálgun. Það er alveg rétt að við höfum á vettvangi menntaráðs sannarlega mótmælt ýmsum þeim aðgerðum sem að menntamálaráðherra hefur neyðst til þess að grípa til vegna hagræðingaraðgerða. Ég segi hér því að Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi kallaði eftir því að við mótmæltum þessu öllu í sameiningu og það er alveg rétt – við mótmælum því. Ég mótmæli líka þessu hruni bara yfirleitt og öllum þeim aðhaldsaðgerðum sem verður að fara í vegna þessa hruns. Á þriðja milljarð hefur verið skorið niður til menntamála í Reykjavík og ég mótmæli því. Og eins og Hermann Valsson borgarfulltrúi kom inn á, þá gerum við meira en gott þykir nú um mundir. Þannig er það nú einfaldlega.

En af því að hér var talað um yfirlýsingu af hálfu Júlíusar Vífils Ingvarssonar borgarfulltrúa, þá ætla ég nú aðeins að fá að fara betur yfir þessa ágætu skýrslu sem hann vitnaði hér yfir og mér þykir hann nú eiginlega nokkuð brattur að koma með hana hér upp í pontu og monta sig af henni. Því að hún er nú sannarlega einhvern veginn ekki þess eðlis að það sé mikið til þess að stæra sig af. En hér eru fjölmargar tillögur og þess ber auðvitað að geta að þessi samvinnuáætlun sem að ég legg fram tillögu um hér í dag er lögð fram vegna gjörbreyttra aðstæðna, bæði í efnahagslegu tilliti hvort sem það er hérna megin Vonarstrætis eða hinu megin Vonarstrætis og eins og ég rakti í ræðu minni, sem ég veit ekki hvort fólk hér úr meirihlutanum hlustaði yfirleitt á, að það eru gjörbreyttar aðstæður þegar kemur að skólaskilum grunn- og framhaldsskóla.

En hins vegar var þessi skýrsla hér unnin og hún er ágæt og margra góðra gjalda verð, en það hefur ekkert af þessum tillögum farið í framkvæmd, nákvæmlega ekkert. Skil leik- og grunnskóla; komið verði á samstarfi milli leik- og grunnskóla með að reka 5 ára deild í húsnæði grunnskóla þar sem rými er fyrir hendi. Eigum við að ræða það hvað 5 ára bekkir fóru vel í skólasamfélagið í Reykjavík á sínum tíma. Fagfólk mótmælti þessu hástöfum, þetta er ekki ennþá komið í framkvæmd.

Gerð verði tilraun með að starfrækja saman hóp 5 og 6 ára barna annað hvort innan veggja leikskóla eða grunnskóla – rekin til baka. Rekin til baka af meirihlutanum með þessa tillögu. Foreldrum 5 ára barna verði gert auðveldara að skrá börn í 1. bekk grunnskóla en nú er. Ég held að þetta fyrirkomulag sé bara eins og það var. Börn verði að undirgangast sálfræðimat og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að börn fari ári fyrr í grunnskóla ef að foreldrar og barnið sjálft sé tilbúið til þess. Ég held að þetta sé bara við það sama.

Nú, skil grunnskóla og framhaldsskóla; allir grunnskólar haldi áfram að þróa einstaklingsmiðað nám í öllum árgöngum. Þetta er nú bara stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum síðan 1996 eða 1997. Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki þakkað sér fyrir þetta. Netnám verði nýtt til þess að auka námsframboð. Ég held að það gæti mögulega verið að þarna hafi eitthvað gerst síðan að þessi skýrsla kom út, ætla ekki alveg að fullyrða um það nákvæmlega hvernig það gerðist. En ég get bara ímyndað mér að þróun upplýsingatækni og netnám yfirleitt sé alltaf að aukast hjá okkur.

Nú, síðan kemur liðurinn; nemendur í efstu bekkjum grunnskóla fá áfram tækifæri til að taka framhaldsskólaáfanga. Það hefur verið við líði síðan árið 2000, en það er alveg rétt að FÁ tók mjög lofsvert skref og Fjölbrautaskólinn við Ármúla er nú reyndar einn af mínum uppáhalds framhaldsskólum því að mér finnst hann standa undir nafni sem framhaldsskóli án aðgreiningar og standa sig að mörgu leyti frábærlega. Og hér kemur fram að settar verði ákveðnar reglur um greiðslu kostnaðar og ef að þetta hefði verið eitthvað skýrt og orðið skýrara síðan árið 2000. En það má ekki þakka því - þessu kjörtímabili og þessum meirihluta að nemendur í grunnskóla tóku framhaldsskólaáfanga, það hefur verið við lýði í níu ár. En þetta samstarf við Fjölbrautarskólann við Ármúla sem hann átti frumkvæði að er mjög lofsvert.

Hér er önnur tillaga; allir grunnskólar verði hvattir til þess að greiða leið þeirra nemenda sem hafa áhuga og getu til þess að ljúka námi í 9. og 10. bekk á einu skólaári. Ágæt tilraun, ég er ekkert sérstaklega hrifin af þessu, þetta bara mistókst, þetta bara floppaði á góðri íslensku. Nemendurnir höfðu einfaldlega ekki áhuga á þessu, þannig var það bara. Ef þeir hefðu haft gríðarlegan áhuga á þessu, þá væri þetta líklega ennþá í gangi. Þannig var það ekki. Önnur tillaga; einn eða fleiri af

grunnskólum borgarinnar verði hvattir til þess að bjóða upp á námsleið sem býr nemendum undir að fara í framhaldsskóla eftir 9. bekk. Mjög svipuð tillaga – þetta er ekki í gangi. Þetta er ekki í gangi – það hafði enginn áhuga á þessu. Nemendur fari ekki yfir í framhaldsskóla nema að útskrifast úr grunnskóla með formlegum hætti. Sjálfsagt mál, algjörlega sjálfsagt mál. Og ef að þetta hefur eitthvað skýrst betur eftir að þessi skýrsla koma fram, þá er það bara gott mál. Ekkert tímamóta mál kannski.

Næsta tillaga; framhaldsskólaáfangar sem grunnskólanemendur taka verði foreldrum að kostnaðarlausu. Þarna kann ég kannski ekki alveg rétt með að fara, en ég held þó að það hafi verið svoleiðis að námsgagnakostnaður hafi alltaf legið hjá foreldrunum. Og ef að þetta hefur að einhverju leyti skýrt sig, ég tala nú ekki um þetta frábæra tilboð frá Fjölbrotarskólanum í Ármúla, þá er það vel. Kannski engin stefnumótun heldur meira bara eitthvað sem lengi hefur verið í gangi og væri að einhverju leyti skýrara eftir að þessi skýrsla kom út.

Nú svo er það tilraunaverkefni um að borgin reki framhaldsskóla. Ég var mjög ánægð með þennan starfshóp, enda hefur Samfylkingin ekkert legið á þeirri skoðun sinni, að við viljum taka yfir rekstur framhaldsskóla þó ekki væri nema í tilraunaskyni til að byrja með. Þessi starfshópur er ekki í gangi. Ég veit ekki til þess, ég held að ég þekki alla starfshópa inni á menntasviði og ég sit í þeim nær öllum. Ég held að þessi starfshópur sé ekki í gangi. Og svo er hér ein tillaga sem kannski kemur ekki beinlínis við sögu hér um stefnumörkun og skipulag skólahverfa, sem er allra góðra gjalda verð. Þannig að öll sú stefnumótun sem er að finna hér í þessari ágætu skýrslu, það hefur ekkert af þessu farið af stað. Það sem fór af stað mistókst. Þannig er það nú bara.

Þannig að ég veit ekki hvort að borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hafi yfirleitt hlustað á ræðu mína hér áðan, en að hann skuli kalla það yfirlýðing með einhverju sem er að gerast hinu megin Vonarstrætis – ég hugsa bara óskaplega lítið yfir Vonarstræti þegar að ég lagði fram þessa tillögu, bara óskaplega lítið. Mjög lítið. En ég veit núna kannski miklu betur hvernig borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hugsa þegar að þeir tala fyrir ýmsum málum hér í borgarstjórn, þá eru þeir einhvern veginn staddir með hugann einhvers staðar annars staðar en hér hjá borgarbúum, ég veit það ekki. En auðvitað er það erfitt og það eru að mínu viti

ekkert öll kurl komin til grafar með þessa áfanga í framhaldsskólunum. Það ríkir lagaleg óvissa um það. Samband ísl. sveitarfélaga er komið í málið og kannski verður þetta endurskoðað.

Við höfum alla vega fram á vorið – í rauninni fram á næsta haust. Og ég vona sannarlega og við höfum, allir flokkar í menntaráði, ályktað um það að við séum ekki ánægð með það. En ég er þó ánægð með ýmislegt það sem að formaður menntaráðs Kjartan Magnússon kom að hér í sinni ræðu og fannst hann í rauninni, nú veit ég ekki hversu vel borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins bera mál sitt saman þegar að þeir undirbúa ræður hér í borgarstjórn, en mér fannst hann tala á allt, allt öðrum nótum og vera mun jákvæðari heldur en nokkurn tíma kollegar hans. En hann sagði þó, að ætlum við að fara í þessa vinnu að mynda þessa samvinnuáætlun borginni og börnum í borginni og unglíngum til heilla, ekki vegna þess að maður sé að fela eitthvað sem einhver í einhverjum flokkum gera annars staðar en hér, en þá sagði hann að aðal atriðið og þunginn í þeirri vinnu ætti að vera þetta mál með að grunnskólanemendur gætu tekið áfanga í framhaldsskólanum.

Mér finnst það mjög mikilvægt. Þeir eru 390 eins og staðan er í dag, það er mjög mikilvægt. En þeir eru þá bara 390. Og þessi samvinnuáætlun hún á að ná til fjöldans og aðal málið er að minnka hér brotthvarf úr framhaldsskóla til þess þarf ráðgjöf, til þess þarf samstarf, kannski meira ut anumhald fyrsta árið. Það þarf að hugsa þessi mál algjörlega upp á nýtt. Nú er atvinnuástand á Íslandi þannig að krakkar sem að flosna upp úr framhaldsnámi eiga í alveg óskaplega fá hús að vernda. Og ef að við höfum fylgst með, jafnvel og atvinnumálahópur borgarinnar hefur fylgst með aðgerð sem að félags- og tryggingamálaráðherra er í núna þessa dagana að kalla ungt fólk til athafna, þá vitum við það að staða þessara krakka er skelfileg. Og við sem að hlustuðum á niðurstöður könnunar Rannsókna og greininga á stöðu ungs fólks utan skóla við vitum það að staða þessara krakka er hræðileg.

Þannig að ég hef ekki mestar áhyggjur í heiminum af 400 krökkum sem eru svo ofboðslega miklir námshestar að þau geta tekið framhaldsskólaáfanga meðan að þau eru í grunnskóla. Ég held að þau séu ekki stóri brotthvarfshópurinn okkar. Ég held að það sé ekki hópurinn sem að sko 60% þeirra neita kannabísefna, af því að

Þau eru ekki í skóla og hafa enga atvinnu. Að 60% þeirra upplifi sig vonlaus, þau hafa ekki séð sólina í margar vikur og mánuði, þetta er ekki hópurinn sem er að taka áfanga í framhaldskólunum. Það er mjög mikilvægt að hann fái nám við hæfi. Það er mjög mikilvægt að greiða úr þessari flækju. En þessi samvinnuáætlun hún er hvorki yfirlýsing og hún er hvorki yfirlýsing til þess að fela þá ákvörðun menntamálaráðherra eða eitthvað annað. Hún er einfaldlega tillaga Samfylkingarinnar til þess að koma í veg fyrir að fleiri börn lendi í þeirri stöðu. Mér finnst málflutningur meirihlutans hér fyrir utan formannsins, mér fannst formaður menntaráðs Kjartan Magnússon bara ágætur hér í sinni ræðu. En mér fannst málflutningur annarra einhvern veginn ekkert endilega segja mér það að þessir borgarfulltrúar virðulegir hafi mikinn áhuga á öllum börnum í borginni.

En það er hægt að vera gramur og það er hægt að velja að vera gramur og ákaflega svekktur út í ákvarðanir sem eru teknar annars staðar en hér, en svo er hægt að velja að vinna saman og hafa trú á því að það skili einhverju. Og mér finnst ég greina mjög mikið vonleysi hér hjá borgarfulltrúum meirihlutans að það sé hægt að vinna saman, að það sé hægt að byggja eitthvað upp í sameiningu og fella múra á milli stofnana. Mér gengur það mjög vel. En það er kannski bara mjög mismunandi hvernig fólk er innréttað í stjórnmálum. Mér gengur það vel hvort sem er í meirihluta eða minnihluta og mér gengur það vel hvort sem það er minn flokkur eða ekki sem er í ríkisstjórnar meirihluta. En fólk getur þá kosið næsta vor fólk sem að trúir á samstarfið og fólk sem að getur góða hluti gerast, þrátt fyrir erfiða tíma.

En ég verð, forseti, eitt augnablik að koma inn á þetta með innritun í framhaldsskólana af því hér er talað eins og hér sé verið að þurrka út sérstöðu skóla og annað. Að framhaldsskólunum er eingöngu gert að taka inn 45% af sínu heimasvæði og þetta hefur í rauninni bara áhrif á þrjá skóla í Reykjavík af öllum þessum fjölda, af því að allir hinir eru nú þegar að taka inn meira en 45% af sínu heimasvæði. En þannig að það sé sagt. En takk fyrir þetta og ég er sátt við þessa afgreiðslu.

Forseti: Borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir hefur lokið máli sínu. Og þá hefur borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir óskað eftir að veita andsvar.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla

Marta Guðjónsdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vísa því alfarið á bug að við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfum ekki áhuga á öllum nemendum. Við höfum einmitt í tillögum okkar á þessu kjörtímabili verið að hugsa um fjölbreytni og sveigjanleika í skólastarfi einmitt til þess að koma til móts við alla nemendur. Ég vísa því líka á bug að tilraun um sveigjanleg skólaskil, þ.e.a.s. á milli leik- og grunnskóla hafi mistekist. Ég veit ekki betur en að það hafi verið akkúrat þessi meirihluti sem nú er starfandi sem að hafi komið á 1. bekk í grunnskóla inn í leikskóla.

Að sama skapi, eins og kom fram í máli mínu áðan, að þá komum við á þessum sveigjanlegu skilum milli framhalds- og grunnskólans með samstarfi við Fjölbrautarskólann í Ármúla og þar sem að borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir kom inn á hérna áðan að þessi 390 nemendur, þetta væru ekki nema 390 nemendur. Mér finnst það bara talsverður fjöldi. En hún í sínu máli virðist gera ráð fyrir því að allir þessir nemendur séu afburðanemendur. Það þarf alls ekki svo að vera. Og ég ætla bara að minna á það enn og aftur að rafrænt nám og fjarnám getur einmitt hentað nemendum sem standa höllum fæti og fötluðum nemendum. Og þessi tillaga sem að borgarfulltrúinn Oddný Sturludóttir mælir hér fyrir finnst mér skjóta ansi skökku við, því að ég veit ekki betur en að flest allt sem að hún telur hér upp sé nú þegar komið til framkvæmda og verið sé að vinna að á menntasviði Reykjavíkur.

Forseti: Borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson óskaði einnig eftir að veita andsvar og tekur þá borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson til máls.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla

Júlíus Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það fer nú borgarfulltrúanum Oddnýju Sturludóttur ágætlega að ræða hér svona ... mestmegnis um ekki neitt, en verra er þegar að þarf að fara að deila eitthvað og ræða hlutina af alvöru. Hefði hún fylgst með í menntaráði þá hefði hún náttúrulega vitað það að sveigjanleg skólaskil ganga á báða vegu. Það gengur bara einfaldlega þannig að sumir þurfa lengri tíma til að klára sitt nám og það er auðvitað hluti að sveigjanlegum skólaskilum. En hún kys að snúa út úr því og koma hér með einhverjar rangfærslur og einhvers konar málalíbúnað sem er ekki viðeigandi. Varðandi þá skýrslu sem hún talaði hér um áðan sem að hún gerir mest lítið úr, því miður, vil ég benda borgarfulltrúanum Oddnýju Sturludóttur á það vinsamlegast að fletta skýrslunni og taka eftir því að formaður þess starfshóps sem skilaði þessari skýrslu er Anna Kristín Sigurðardóttir doktor og deildarforseti kennaradeildar Kennaraháskóla Íslands. Þessi skýrsla er ekki unnin af mér eða öðrum pólitískum fulltrúum, hún er unnin af þeirri manneskju sem að best þekkir til þessara mála og leggur það til í skýrslunni sem að borgarfulltrúinn Oddný Sturludóttir gerir svo lítið úr, fer háðslegum orðum um á mjög óviðeigandi máta og væri réttast að leyfa þá þeim sem sömdu skýrsluna að koma og gera athugasemdir við það. Það væri þá við hæfi.

Ef fjalla á af einhverri alvöru um þá tillögu sem að borgarfulltrúinn er að leggja hér fram fyrir hönd Samfylkingarinnar, þá verð ég nú bara að segja eins og er, það er ekkert í þessari tillögu, hún er eiginlega hvorki fugl né fiskur. Það er verið að rýna og skoða tilraunaverkefni og kynna og hafa formlega fundi auk samstarf og eitthvað annað slíkt sem er svona ekkert á takandi. Það er ekkert bit í þessari tillögu borgarfulltrúans annað en það sem ég hef nefnt áður, þetta er yfirklor því að það stendur; „... að í því skyni verður horft til sameiginlegs tilraunaverkefnis grunn- og framhaldsskóla í sama hverfi“. Það er verið að leita að ástæðum fyrir því að hverfisskipta framhaldsskólunum og ég vil benda á það að það enn og einu sinn að það er hættulegt.

Forseti: Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur lokið máli sínu og veitt andsvar. Og þá svarar tveimur andsvörum borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla

Oddný Sturludóttir: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætlaði nú bara að svara hér honum Júlíusi Vífli Ingvarssyni borgarfulltrúa um þessa skýrslu. Ég sagði ekkert um það að þetta væru vondar tillögur þetta er bara ágætlega vel unnin skýrsla. En við vitum það sem að störfum að stefnumótun og þá sérstaklega í skólamálum að það er eitt að fá fagfólk til þess að vinna góðar og vandaðar tillögur sem eru líklega þá sprottnar fram út af einhverjum tillöguflutningi sem að bera í sér einhvern vilja um að málin taki ákveðna stefnu eða hvað. En síðan er það fagfólksins að móta tillögurnar og koma með þær, og það eins og allt annað á menntasviði Reykjavíkurborgar er fagmannlega og frábærlega gert. Hins vegar er það svo stjórnámálmannanna sem hverju sinni sitja í ráðunum að koma þessu öllu saman í framkvæmd.

Og þar, eins og ég fór ágætlega yfir hér áðan, voru fulltrúar meirihlutans einfaldlega reknir til baka með nokkrar tillögur og við getum bara vísað í blaðaumfjöllun frá þeim tíma og bókunum og öllu mögulegu. Og svo voru önnur tilraunaverkefni sem fóru af stað, sem einfaldlega mistókust og það var ekki greinilega nógu mikill pólitískur vilji til þess að láta kné fylgja kviði, þannig að Anna Kristín sú ágæta fræðikona sem vann nú lengi hjá okkur Sigurðardóttir á grunnskólaskrifstofu menntasviðs, ég var ekki að halla orði hér á hana og það veit hún jafnvel og ég. En kannski vegna þess að hér eru nú komnar ansi hreint sprækar umræður af stað um það hvort að þessi tillaga mín sé ekki bara húmbúkk og yfirklor og hvorki fugl né fiskur og hvað hún hefur verið köllu hér. Mér finnst fulltrúar meirihlutans í rauninni ákaflega ósammála um það hvað þeir vilja gera við þessa tillögur og þætti bara vænt um að fá úr því skorið strax hvort að það sé ekki bara betra að fella hana fyrst að hún er svona ægilega ómöguleg. Ég veit ekki hvort að borgarstjóri vill tjá sig eitthvað um það.

En mér finnst í rauninni umræðurnar hér farnar að verða svona dálítið ókurteisar, svo að ég segi það bara eins og er.

Forseti: Borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir hefur lokið við að svara andsvari og umræðunum er lokið. Það kemur í ljós hver verða afdrif þessarar tillögu sem að hér liggur fyrir. Það hefur verið kynnt að tillagan yrði sú að vísa henni til

Bstj. 2. mars 2010

menntaráðs. Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja að vísa tillögu borgarfulltrúa Samfylkingar um samstarf grunnskóla og framhaldsskóla til menntaráðs vinsamlegast gefið merki. Það er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Nú verður gert 25 mínútna matarhlé.

Forseti: Tekið verður fyrir 4. mál á dagskrá sem er Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. liður fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar, sem hefur verið gerður hér að sérstökum dagskrárlið og til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.